



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Leikskólinn Borg

2019 – 2020



### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:.....	3
1 Greinagerð leikskólastjóra .....	3
2 Innra mat.....	5
2.1 Krummaholt – Greinagerð deildastjóra.....	5
2.2 Ugludeild – greinagerð deildastjóra .....	6
2.3 Sameiginlegt innra mat Krummaholts og Ugludeildar .....	7
2.4 Spóaholt – Greinagerð deildastjóra.....	9
2.5 Fálkadeild – Greinagerð deildastjóra.....	10
2.6 Sameiginleg innra mat Spóaholts og Fálkadeildar .....	11
2.7 Lóuholt – Greinagerð deildastjóra.....	12
2.8 Arnardeild – Greinagerð deildastjóra.....	12
2.9 Sameiginlegt innra mat Lóuholts og Arnardeildar.....	13
3 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	15
4 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	15
5 Foreldrasamvinna.....	16
6 Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	17
7 Fylgigögn.....	17
7.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning.....	17
7.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.....	17
7.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs .....	17
7.4 Fylgiskjal 4 – Matsblað fyrir skólaárið 2018-2019 .....	17
7.5 Fylgiskjal 5 – Leikskóladagatal 2019-2020.....	17



## Leiðarljós leikskólans:

Virðing – Ábyrgð - Umhyggja

### 1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2018-2019 var nokkuð gott, við höldum áfram að breyta og bæta bæði umhverfið og kennsluaðferðir. Við erum saman að fikra okkur inn á nýjar slóðir. Ný menntastefna Reykjavíkurborgar hvetur okkur til dáða og gjörða.

Breytingar hafa verið á starfsmannahópnum, einhverjir hafa hætt og nýir komið í staðinn. Við þökkum þeim fyrir samstarfið og bjóðum nýtt fólk velkomið. Síðasta vetur höfum við notið aðstoðar Nichole Leigh Mosty og Hrefnu Sigurðardóttur í stjórnendateyminu, en þær voru til aðstoðar í veikindum aðstoðarleikskólastjóra. Á vormánuðum var nýr aðstoðarleikskólastjóri ráðin, Linda Rún Traustadóttir og nýr sérkennslustjóri, Sigrún Unnur Einarsdóttur.

Viðveru leikskólastjóra og aðstoðarskólastjóra var breytt á vormánuðum, í stað þess að vera annan hvorn dag í hvoru húsi erum við viku í senn og skiptum um hús á miðvikudögum. Reynist það mjög vel.

Á hverjum skipulagsdegi síðasta skólaárið hefur verið unnið með starfsmannahópinn, áhersla hefur verið á fjölmenningu, hópefli og samstarf milli starfsmanna og milli húsa.

Verkefni elstu barnanna voru að mestu leiti hefðbundin. Breytingar urðu á samstarfi við Breiðholtsskóla, við gerðum samstarfssamning okkar á milli, nokkrir hnökrar voru í upphafi en þeir voru lagaðir og allt gekk upp í lokin.

Fjölskyldukaffið er komið til að vera og eru haldin á hverri önn. Kaffið er mjög vel sótt og skemmtilegt að bjóða þeim sem standa börnunum næst.

Foreldrafélögin hittust og gerðu með sér samstarfssamning og samræmdu ýmsa viðburði og hefðir. Markvisst verður unnið að því að félögin verði sameinuð í eitt, þá fá börnin það sama í báðum húsum og allt samstarf verður auðveldara.

Verkefni næsta árs verða helguð nýju menntastefnu Reykjavíkurborgar, áhersla Borgar í nýrri menntastefnu verður á félagsfærni, sjálfsefningu og endurskoðun á foreldrasamtarfi. Markmið okkar eru:



- Að foreldrum líði vel í leikskólanum, séu virkir þátttakendur og að þau finnst þau vera á heimavelli
- Að kenna börnum umburðarlyndi, umhyggju, hugrekki og virðingu.
- Að kenna börnum að þau sýni dug, þor, vilja og að mistök séu til að læra af.

Ávinningurinn er fólgin í því trausti sem við byggjum upp með foreldrum á því starfi sem við vinnum og að börnum þeirra líði vel, eigi vini og séu vikir þátttakendur í skólasamfélaginu.



## 2 Innra mat

### 2.1 Krummaholt – Greinagerð deildastjóra

Skólaárið 2018-2019 gekk mjög vel á Krummaholti. Vel hefur gengið að fylgja dagskipulagi deildarinnar og telst það til algjörra undantekninga að hópastarf hafi fallið niður, er það þá vegna uppbrots á skólastarfi, dótadaga, öskudaga o.þ.h.

Á deildinni voru tveir elstu árgangar leikskólans og voru því tveir aldurskiptir hópar í hópastarfi. Báðir hópar áttu fjóra hópastarfstíma á viku og gekk vel að halda þeim samkvæmt áætlum.

Elstu börn deildarinnar, Skólahópur, fóru í skólastarf fjóra daga í viku. Á þeim dögum var unnið með fyrirfram ákveðin verkefni, Orðahljóð, Orðagull, stærðfræði og íþróttir ásamt samveru og samvinnu með skólahópnum á Fálkaborg og Bakkaborg. Seinni hluta skólaársins var skólastarfið endurskipulagt og bætt inn Sögugrunn og listsköpun.

Aukin samvinna hefur verið við Breiðholtsskóla og hefur það gengið mjög vel.

Skólastarf elstu barna gekk yfir heildina mjög vel, vinnan var markviss og vel gekk að fylgja eftir skipulagi.

Í hópastarfi yngri barnanna á deildinni, Hlaupahópur, var skipt niður á daga, unnið var með þema sem var „Ég sjálfur og nánasta umhverfi“, borðspil, hreyfistundir í sal og listsköpun.

Hópastarfið gekk vel og ágætlega gekk að fylgja eftir skipulagi.

Barnahópurinn var mjög góður og samstilltur, starfsmenn voru duglegir að skipta hópnum á þau svæði sem leikskólinn hefur upp á að bjóða. Á hverjum degi var val þar sem börnin fengu tækifæri til að velja sér sjálf viðfangsefni. Listasmiðja hefur verið nýtt mjög vel þetta skólaár, mikil aukning í skapandi starfi, bæði markviss verkefni og frjáls sköpun með margvíslegan efnivið.

Leikskólinn var í samstarfi við Myndlistaskólann í Reykjavík og fóru elstu börn deildarinnar vikulega í sex vikur í skiplagðar stundir þar sem unnið var að fjölbreyttum verkefnum í fámennum hópum. Yngri hópur deildarinnar naut einnig góðs af því, þar sem starfsfólk lærði einnig mikið á þessu samstarfi.

Elstu börn deildarinnar, börn fædd 2013, sungu ásamt fleiri leikskólabörnum á tónleikunum „Lífið er heimsins besta gotteri“ í Hörpu á Barnamenningarhátíðinni.

Yngri hópur deildarinnar, börn fædd 2014, tóku þátt í myndlistasýningunni „Með sól í hjarta“ sem haldin var í Gerðubergi í tengslum við Barnamenningarhátíðina.

Öll börn deildarinnar hafa farið reglulega í vettvangsferðir um hverfið, farið á ýmis söfn í Reykjavík, Fjölskyldu og húsdýragarðinn, í leikhús og ýmislegt fleira.



## 2.2 Ugludeild – greinagerð deildastjóra

Skólaárið byrjaði vel með aðlögun barna af yngri deild og aðlögun nýrra barna. Á deildinni voru 3 starfsmenn og einn stuðningsaðli. Fjöldi barna var 20 og af þeim voru tvö börn með stuðning.

Árgangarnir voru þrír en fjórir frá áramótum. Starfsmannahaldið á Ugludeild var svolítið erfitt á tíma vegna langtímaveikinda tveggja starfsmanna. Í febrúar fór ástandið í starfsmannamálum batnandi og hefur verið mjög gott síðan. Börnin fundu ekki mikið fyrir manneklu deildarinnar þar sem samstarf starfsfólks gekk mjög vel og einnig fengum við aðstoð frá einum af verkefnastjórum Borgar og frá starfsfólki Fálkadeildar.

Hópastarf byrjaði strax í september en hóparnir eru árgangaskiptir og voru þeir því 3. Í elsta hóp voru börnin samtals 10 í byrjun skólaárs en svo fóru 2 börn á annan leikskóla fyrir áramót og eitt flutti erlendis eftir áramót. Tveir yngri hóparnir sem voru samtals 11 börn unnu mikið saman í hópastarfi vegna veikinda starfsmanna. Þannig var reynt að koma til móts við þarfir barnanna og leysa málin inni á deild.

Við náðum að leggja inn bókstafi í hverri viku með hjálp Lubba og náðum við að leggja inn öll máhljóðin. Einnig unnum við markvisst með stafina áfram með elstu börnunum í skólastundum sem þau fóru í 4 daga vikunnar. Við lögðum einnig inn ný sönglög, leiki, þulur sem verkefnastjóri málörvunar sá um að finna til fyrir okkur.

Öll börnin komust í útinám að minnsta kosti 1x í viku en þegar það vantaði fólk þá fórum við út í garð í útinám en þar tókst okkur að vinna vel með að styrkja félagsfærni barnanna og vináttu.

Rauði hópur (2014) náði að fara að heimilum allra og leika sér þar á „sínu“ leikskvæði með vinum sínum en það er hluti af þema þess hóps sem er ég sjálfur og umhverfi mitt.

Græni hópur (2015) var mikið með rauða hópi í hópastarfi vegna manneklu en okkur tókst að vinna mikið með vináttuna en þema þeirra er ég sjálfur, fjölskylda mín og vinátta.

Guli hópur (2013), hópur elstu barnanna, hefur undanfarin ár farið í íþróttahús Breiðholtsskóla en þar er unnið með íþróttaskóla ÍR. Það samstarf byrjaði mjög seint eða ekki fyrr en eftir áramót. Ástæður þess voru að það vantaði kennara hjá ÍR og svo fékkst ekki tími hjá Breiðholtsskóla fyrr en þá vorum við komin í samstarf við Myndlistarskóla Reykjavíkur og þeir tímar hittust á þá tíma sem Breiðholtsskóli hafði úthlutað okkur.

Mikil ánægja var með samstarfið við Myndlistarskólann en börnunum var skipt í 2 hópa og reynt að blanda þeim á milli elstu deildanna og elstu deildarinnar í Arnarborgarhúsi.



Rúta kom sem leikskólinn kostaði og keyrði hópinn í og úr Myndlistarskólanum og var mikil ánægja með það en þannig náðu þau að koma í mat á réttum tíma og þannig dró úr álagi á börnum og starfsfólki.

Eins og undanfarin ár þá tóku elstu börnin þátt í Hörpuverkefninu sem er í tengslum við Barnamenningarhátíð í Reykjavík en það er samstarfsverkefni Tónskóla Sigursveins við leikskóla í Reykjavík. Það gekk mjög vel og mikil ánægja með það og vilji til að halda áfram næsta ár með það. Elstu börnin fóru um sumarið í útiskóla eins og við höfum gert undanfarin ár en með miklum breytingum þó í ár. Við gerðum breytingar á skipulagi útiskólans en þær voru gerðar eftir endurmat hópstjóra, deildarstjóra elstu barna og leikskólastjóra. Útiskólinn var þrjá daga vikunnar í stað fimm, í endurmati kom fram hjá börnum að þau vildu líka geta leikið í leikskólanum. Við höfðum heimadag á mánudegi og föstudegi þar sem börnin gátu leikið sér með öllum vinum sínum í leikskólanum. Á þriðjudögum og fimmtudögum var farið í ferðir hálfan daginn og lengri ferðir á miðvikudögum. Þannig náðu þau að borða í leikskólanum nema á miðvikudögum var tekið nesti með sér. Minna var um safnaferðir og meira af vettvangsferðum úti við. Mikil ánægja bæði hjá börnum og starfsfólki var með nýja fyrirkomulagið á útiskólanum og ekki spillti veðrið en það var líka einstaklega gott. Starfsfólk var mjög ánægt með nýja skipulagið vill halda því áfram næsta sumar, fannst börnin njóta sín meira og fá tækifæri að vera með öllum vinum sínum á leikskólanum.

### 2.3 Sameiginlegt innra mat Krummaholts og Ugludeildar

Starfsfólk Krummaholts og Ugludeildar voru með sameiginlegan rýnihóp á skipulagsdeigi. Frá því í vor og í vetur vinna tvær deildir saman sem eru með sama aldur úr sitthvoru húsinu.

#### Heilsustefnan:

Matur í leikskólanum er að mestu leyti hollur. Það sem boðið er uppá í síðdegishressingu mætti vera hollara, t.d. minna um kex og hafa jafnvel eitthvað annað með þegar kaka er í boði, t.d. ávexti. Starfsfólki finnst brauðið mega vera grófara en öll börn hafa aðgengi að vatni. Mikið skapandi starf er unnið og er það sýnilegt. Hreyfing er daglega, öll börn fara út amk einu sinni á dag. Gott væri að bjóða upp á skipulagða hópleiki í útiverunni. Hreyfistundir í sal mættu vera skipulagðari og markvissari. Samskipti eru oftast uppbyggileg og jákvæð, en alltaf má gott gera betra.

#### Gildi leikskólans:

Gildin birtast í samskiptum milli starfsfólk og í samskiptum starfsfólks við börnin í leikskólanum í leik og starfi. Styrkleikarnir koma m.a. fram í umhyggju við náungann, þekkja og viðurkenna veik- og



styrkleika hvers annars. Við kusum að ræða frekar um sóknarfærin en veikleika, en okkar helstu sóknarfæri væru þá að nýta betur þann mannauð sem við höfum. Nýta styrkleika hvers og eins, t.d. fá pólskumælandi starfsfólk til að styðja við pólskumælandi börn. Við getum bætt okkur í samskiptum, samvinnu, nýta styrkleika hvers annars betur. hjálpast að og aðstoða hvort annað, hvar og hvenær sem er í starfinu.

Umbótaþættir Krumma/Uglu	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Markvissari hreyfistundir	Auka hreyfingu barna	Vera með markvissari og skipulagðari hreyfistundir	September 2019-maí 2020	Deildastjórar	Í janúar 2020 og í maí 2020	Skrifleg áætlun og hreyfing sett á oddinn í starfinu.
Vínátta - Barnaheill	Efla félagsfærni hjá börnum	Innleiða Vínáttuverke fni Barnaheilla	September 2019-maí 2020	Deildastjórar	Maí 2020	Að Vínátta sé notuð í leik og starfi





## 2.4 Spóaholt – Greinagerð deildastjóra

Skólaárið 2018-2019 er búið að ganga mjög vel.

Spóaholti var breytt í miðdeild þar sem eru einungis tveir árgangar, eldri hlutinn af 2015 árgang og yngri hlutinn af 2014 árgang. Þetta hefur gefist mjög vel og mikið betra að vinna með svipaðan aldur. Skiptum börnunum í 4 hópa í hópastarfinu, þannig að það voru alltaf tveir hópar á dag í hópastafi og tveir í útiveru á meðan. Þessi barnahópur er mjög flottur, drengir eru í miklum meirihluta og nú er einungis ein stúlka.

Við erum með tvískipta hvíld sem að létti mikið og fara þau börn sem að mega sofna í salinn að hvíla sig og hin börnin eru inni á deild að hlusta á sögulestur, fara í stafaleik, syngja, fara í rólega leiki og fleira því um líkt.

Við erum mjög duglegar að fara út fyrir boxið og erum mikið með frjálsa leikinn inni á deild, þar mega börnin blanda saman efnivið. Það er magnað að fylgjast með leiknum þróast, við erum að sjálfsögðu til staðar og fáum oft boð um að vera með. Reglan er samt sú að það þurfa allir að hjálpast að við að ganga frá dótinu, og að það séu einhver takmörk á barnafjölda á staðunum þ.e.a.s. ef að svæði bíður ekki uppá mikinn fjölda.

Ég tók ákvörðun í samráði við starfsfólkið á deildinni að breyta kaffitíma barnanna. Nú höfum við hann eins og í morgunmatnum, eða eitt borð í gangi sem tekur alls 8 börn í sæti í einu. Einn starfsmaður situr við borð og annar er innan handar. Það er þó skylda að öll börnin komi á einhverjum tímapunkti og setjist. Þetta hefur gefist mjög vel og eru bæði við og börnin sáttari. Mikli minni stressvaldur en áður.

Við erum að byrja að vinna með vináttu verkefni Barnaheilla og erum mjög spenntar fyrir því sem og börnin. Allar deildir á leikskólanum taka þetta inn. Við á Spóaholti ætlum að vinna markvissara að þessu í ágúst þannig að við komumst öll inn í þetta.

Við vinnum vel saman, tökum gagnrýni og öðru frá hvor annarri, erum sveigjanlegar og búngóðar. Er mjög ánægð með mitt samstarfsfólk á Spóaholti.



## 2.5 Fálkadeild – Greinagerð deildastjóra

Á Fálkadeild voru 21 barn, 4 stelpur og 17 stráka. Þetta var mjög krefjandi og fjörugur hópur og urðum við að gera breytingar á skipulagi deildarinnar til að mæta þörfum barnahópsins.

Skipulagsbreytingarnar fólu í sér meiri útiveru, öðruvísi leikföng og breytingar á hvíld. Allar þessar breytingar voru jákvæðar og hjálpuðu okkur og börnunum mikið.

Hópastarfið gekk ágætlega, við fórum reglulega í útinám, listsköpun og málörvun.

Samverustundirnar reyndust barnahópnum erfiðar og kölluðu á breytingar. Við reyndum ýmsar útfærslur til að minnka hávaða og fá meiri ró í hópinn, best reyndist þegar við skiptum barnahópnum niður í þrjá hópa og þá gekk þetta mjög vel og börnin fengu meira út úr þessu.

Einnig breyttum við sameiginlegri lesstund sem var alltaf eftir kaffi en við færðum hana og höfðum hana strax eftir ávaxtastund. Skiptum börnunum í smærri hópa, börnin voru þá ekki eins þreytt.

Skólahópurinn gerði fullt af skemmtilegum hlutum, sungu í Hörpunni og fóru á allskonar söfn.

Við tókum upp vináttuverkefnið og byrjuðum að vinna með Blæ, ótrúlega skemmtilegt verkefni sem ég hlakka til að vinna með næsta haust.

Síðasti vetur var mikið um breytingar allar til hins betra, markmiðið var að mæta þörfum barnahópsins hverju sinni.



## 2.6 Sameiginleg innra mat Spóaholts og Fálkadeildar

Starfsfólk Spóaholts og Fálkadeildar voru með sameiginlegan rýnihóp á skipulagsdeigi. Frá því í vor og í vetur vinna tvær deildir saman sem eru með sama aldur úr sitthvoru húsinu.

### Heilsustefnan:

Starfsfólkið segir að heilsustefnan sé ekki sýnileg og litla sem engar upplýsingar séu á heimasíðu skólans. Staðan er sú að samskiptin eru að verða meira uppbyggileg, alltaf eitthvað skapandi á hverju degi. Styrkleikarnir liggja í útinámi og útiveru og samskiptum milli starfsstöðva. Veikleikarnir eru í mataræðinu, við þurfum að hafa það hollara og meiri fjölbreytni. Við getum bætt okkur í mataræðinu með aðstoð næringarfræðings og gert heilsustefnuna sýnilegri á veggjum skólans og á heimasíðu.

### Gildi leikskólans:

Starfsfólkið segir að gildi skólans birtast í starfinu almennt og þau sjáist í samskiptum milli foreldra, starfsfólks og barna. Styrkleikarnir séu að sýna öðrum samkennd, börnum starfsfólki og foreldrum. Veikleikarnir liggja í því að það sé alltaf hægt að gera betur. Til þess að gera betur þurfum við að aðstoða hvort annað við að bæta okkur í góðum gildum.

Umbótaþættir Fálka/Spóa	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Sýnileika heilsustefnu	Að börn, starfsfólk og foreldrar viti að við vinnum að heilsustefnu	Veggspjöld og skráningar í heilsubók	September- Maí 2020	Deildastjórar	Ljósmyndir og heilsubækur	Fyrir og eftirmyndir
Vínátta - Barnaheill	Efla félagsfærni hjá börnum	Innleiða viðáttuverkefni Barnaheilla	September 2019-maí 2020	Deildastjórar	Maí 2020	Að Vínátta sé notuð í leik og starfi



## 2.7 Lóuholt – Greinagerð deildastjóra

Skólaárið gekk nokkuð vel. Börnin voru 17, 9 stúlkur og 8 drengir. Fjórtán eru fædd 2016 og þrjú fædd 2017 og starfsmenn voru fjórir. Aðlögun gekk nokkuð vel.

Dagskipulag var nokkuð hefðbundið, hópastarf, hreyfistundir, samverustundir, myndsköpun og frjáls leikur. Við förum út einu sinni til tvisvar á dag, fer eftir veðri.

Við lögðum mikla áherslu á að eiga góða samvinnu við foreldra. Góð mæting er á viðburði þar sem foreldrum er boðið að taka þátt í starfinu með okkur.

## 2.8 Arnardeild – Greinagerð deildastjóra

Á Arnardeildinni voru 17 börn á aldrinum frá 1-3 ára og fjórir starfsmenn. Starfsmannabreytingar áttu sér stað að hausti og aftur um áramótin. Síðasta vetur var unnið markvist með Lubba og læsi. Börnin fóru í samverustund 3x á dag. Í samverustundum vinnum við á fjölbreyttan hátt, syngjum, lesum, hlustum á sögur, lærum stafi, lærum að telja og hvernig tölustafir, bókstafir, litir og form líta út. Notum tákni með tali.

Á hverjum degi eru valdir 2 þjónar. Þeir stjórna samverustundum, velja hvaða lög við syngjum og hvaða bók við lesum. Þjónar sækja matinn og leggja á borð.

Börnin fóru í hópastarf fjórum sinnum í viku. Hóparnir voru tveir. Markmið okkar með hópastarfi var að börnin læri að vinna saman í hóp, fari eftir reglum, læri að tjá sig og kynnist náttúrunni (markvisst var farið í vettvangsferðir- útinám). Börnin fengu tækifæri til að vinna saman að fjölbreyttum verkefnum s.s: listsköpun, hreyfingar, könnunarleikur, hlutverkaleikur.

Börnin fóru í val á hverjum degi. Markmið með vali er að börnin velji það sem þau vilja helst gera, leiki í fámennum hópum.

Á hverjum föstudegi var óskadagur hjá okkur. Hvert barn valdi sér sinn eigin óskadag. Börnin komu með efni, dót á leikskóla sem tengdist ákveðnum óskadegi.

Einnig lögðum mikla áherslu á samvinnu við foreldra. Vorum með fjölskyldu kaffi þar sem börnin buðu foreldrum og ættingjum upp á piparkökur sem þau bökuðu og skreyttu sjálf. Héldum upp á Hrekkjavöku og Öskudag. Börnin mættu í búningum og slógu köttinn úr tunnunni. Leikskólinn hélt sumarhátíð. Starfið gekk vel og við náðum markmiðinu sem við settum okkur.



## 2.9 Sameiginlegt innra mat Lóuholts og Arnardeildar

Starfsfólk Lóuholts og Arnardeildar voru með sameiginlegan rýnihóp á skipulagsdeigi.

Frá því í vor og í vetur vinna tvær deildir saman sem eru með sama aldur úr sitthvoru húsinu.

### Heilsustefnan:

Í endurmati starfsmanna kemur fram hjá starfsfólki að heilsustefnan sé sýnileg, staðan sé ágæt en mætti vera betri er kemur að hollu mataræði. Styrkleikarnir liggja í því að skapandi og örvandi starf eigi sér stað öllum stundum, mikið sé um hreyfingu, útiveru og útinám sem á sér stað. Einnig jákvæð og uppbyggjandi samskipti og vítt samskiptaform. Veikleikarnir liggja í mataræðinu og þá helst í kaffitímanum. Starfsfólk telur að þau geti bætt sið með því að læra meira og horfa á breytingar með opnum hug án neikvæðni. Endurmenntun og ýmis námskeið/fyrirlestrar eru góðar leiðir og geta gefið starfsfólki ýmsar hugmyndir. Einnig þarf að skoða nýjar rannsóknir, skoða hvað aðrir leikskólar í okkar nærsamfélagi eru að gera, ekki sé nauðsynlegt að fara erlendis í námsferð til að auka við þekkingu eða til að fá hugmyndir.

### Gildi leikskólans:

Starfsfólk metur að gildi leikskólans birtist í öllum samskiptum. Það er við börn, foreldra, samstarfsfólk og í daglegu starfi. Starfsmenn reyni að skilja allt neikvætt og yfirpyrmandi eftir fyrir utan dyrnar á vinnunni áður en það gengur inn og byrji vinnudaginn. Starfsfólk telur að gildin verði sýnilegir þegar Vináttu verkefni Barnaheilla fer í gang. Starfsfólk telur að veikleikar gildanna liggja í samskiptunum milli deilda, sérstaklega þegar það kemur að uppbroti á dagskipulagi, þá verði yngstu deildirnar svolítið útundan.



Umbótaþættir Lóu/Arnar	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Sýnileika heilsustefnu	Gæta að hollustu í mataræði barnanna	Draga úr sykri og auka trefja.	September- Maí 2020	Deildastjórar	Skipulagsdeg i í Janúar 2019 og í Maí 2020	Innihald og samsetning matar
Vínátta - Barnaheill	Efla félagsfærni hjá börnum	Innleiða Vínáttuverkefni Barnaheilla	September 2019-maí 2020	Deildastjórar	Maí 2020	Að Vínátta sé notuð í leik og starfi



### 3 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl hófust í maí og standa enn yfir.

Fræðsla var fyrir starfsfólkið á öllum skipulagsdögum skólaárið 2018-2019.

- Október kom Fríða Bjarney Jónsdóttir verkefnastjóri Fjölmennningar frá SFS með fyrirlestur um „Hver er ég?, hver ert þú? og hvernig ætlum við að lifa saman í þessu samfélagi?“ og eftir hádegið var hlustað á Eddu Björgvins. um húmor á sameiginlegum fyrirlestri með öðrum leikskólum í Breiðholti
- Nóvember: Jón frá KVAN kom og var með fyrirlestur um liðsheid
- Janúar: Anna frá KVAN kom og hélt fyrirlestur og vinnustofu um samskipti á vinnustað.
- Febrúar fórum við á ráðstefnu Skóla- og frístundasviðs fyrir starfsmenn leikskóla sem hét „Sá sem er glaður er góður“.
- Apríl: RannUng kom fyrir hádegið með fræðslu í tengslum við verkefnið sem við eru í með þeim og eftir hádegi var skyndihjálparnámskeið frá Rauða krossinum.
- Maí: Fórum í leikskólaheimsóknir og hópavinnu innanhúss

### 4 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarfið við Bakkaborg, Breiðholtsskóla, Bakkasel og Bakkann gekk vel. Sameiginlega sóttum við um styrk í B-hluta þróunarsjóðs Menntastefnu Reykjavíkur. Við fengum styrk fyrir sameiginlegt verkefni upp á 5.5 milljónir.

Samstarf við Breiðholtsskóla og Bakkaborg gekk vel, við vorum að vinna í fyrsta sinn eftir samstarfsáætlun sem var gerð í upphafi árs. Það voru nokkrir hnökrar í upphafi en annars gekk starfið vel.

Samstarfsáætlun Breiðholtsskóla, Bakkaborgar og Borgar

Tími	Viðburður
Október	Nemendur leikskóla koma og leika á skólalóð Breiðholtsskóla Leikskólabörn fara um skólahúsnæði í ratleik. 1. bekkur fer í heimsókn í leiksk. og leikur á lóðinni
Október	Val í unglingadeild hefst. Unglingar æi vali í Breiðholtsskóla koma einu sinni í viku í tvo tíma í senn og kynast starfinu á leikskólanum
Nóv. – desember Hefst á degi ísl. tungu	Fastir lestrardagar vikulega – 7. bekkur ca kl. 10:10 samráð um daga. <ul style="list-style-type: none"><li>○ 4 deildir í Bakkaborg – 8 nemendur</li><li>○ 2 deildir í Arnarborg – 4 nemendur</li><li>○ 2 deildir í Fálkaborg - 4 nemendur</li></ul>



Desember	Leikskólar og 1.bekkur með skemmtun á sal í Breiðholtsskóla <ul style="list-style-type: none"> <li>- Jólasöngvar í Breiðholtsskóla á aðventu (höfum samband) söngstund á sal</li> <li>- Jólasamvera – skemmtiatriði frá hópum og helgileikur, veitingar í lokin.</li> </ul>
Janúar	Stjórnendafundur - skipulag samstarfs Heimsókn leikskólabarna í íþróttatíma hjá 1.bekk
Febrúar	Nemendur í 1.bekk heimsækja leikskóla og m.a. sýna hvað er í skólatöskunni.
Febrúar - mars	Leikskólabörn heimsækja skólastjóra Breiðholtsskóla og ræða um sjálfstæði, sjálfshjálpi, hegðun og reglur í skólanum.
Febrúar - mars	Nemendur leikskóla koma í 4-5 manna hópum í heimsókn í Breiðholtsskóla í frímínútur, 2 kennslustundir og borða í matartímanum.
Mars	Leikskólabörn heimsækja frístundaheimilið Bakkasel
Apríl	Breiðholtsskóli býður á leiksýningar nemenda yngri deilda
Maí	Foreldrar og nemendum er boðið í Breiðholtsskóla á skólafærninámskeið. Vorskóli Leikskólabörnum boðið á vorhátíð Breiðholtsskóla Leikskólabörn koma og skoða sundlaugin. Leikskólabörn halda útskrift á sal Breiðholtsskóla
Ágúst	Nemendur mæta ásamt foreldrum sínum í viðtal til umsjónarkennara í upphafi skólaárs. Stjórnendafundur – skipulag samstarfs
September	Foreldrar boðaðir á seinni hluta skólafærninámskeiðs og kynningu á skólanum.

## 5 Foreldrasamvinna

Sameiginlegur fundur með stjórn foreldrafélaganna í Borg var haldin í september. Það var gerð samstarfsáætlun og verkefni, gjöld og vinnubrögð samræmd. Best væri ef það væri eitt foreldrafélag fyrir bæði húsin.

Foreldrakaffi er haldið á hverri önn, þau eru mjög vel sótt sem og aðventukaffið. Sumarhátíð er í júní og er hún sameiginleg. Á dagskrá er að hafa sumarhátíð til skiptis í Fálkaborg og Arnarborg en ekki hefur orðið af því vegna þess hversu garðurinn í Arnarborg er í lélegu ásigkomulagi.

Foreldraviðtöl voru í mars og apríl 2019



## 6 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar skólaárið 2019-2020, alltaf er lokað allan daginn.

23. ágúst 2019	Skipulagsdagur, eftir að elstu börn hætta og áður en fyrsti hópur í aðlögun byrjar.
4. október 2019	Skipulagsdagur í Bakkaborg og Breiðholtsskóla
22. nóvember 2019	
2. janúar 2020	Jólafrí Breiðholtsskóla og skipulagsdagur í Bakkaborg
16. mars 2020	Skipulagsdagur í Breiðholtsskóla
22. maí 2020	Skipulagsdagur í Breiðholtsskóla

## 7 Fylgigögn

- 7.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning
- 7.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.
- 7.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs
- 7.4 Fylgiskjal 4 – Matsblað fyrir skólaárið 2018-2019
- 7.5 Fylgiskjal 5 – Leikskóladagatal 2019-2020

F. h. leikskólans .....



---

Leikskólastjóri

Dagsetning: 17.september 2019



## Fylgiskjal 1

### Samantekt um sérkennslu/stuðning

Í leikskólanum Borg voru átta börn sem fengu stuðningstíma á skólaárinu 2018-2019. Af þeim voru þrjú börn með tíma úthlutuðum úr 1. flokki og fjögur börn með tíma úr 2. flokki. Fjöldi tíma úthlutuðum fyrir hvert barn var misjafn eftir eðli máls hvers og eins. Eitt barn var með 8 klst stuðningstíma, tvö með 6 klst. stuðningstíma, eitt með 5 og hin fjögur með tvo eða þrjá tíma. Fimm starfsmenn auk eins deildastjóra sinntu stuðningsstarfi. Gerð einstaklingsnámsskráa fyrir börnin var undir umsjón sérkennslustjóra og stuðningsaðila hvers og eins. Notast er við AEPS færnimatslista fyrir flest börnin en færnilisti sem hentar börnum með einhverfu er notaður aukalega fyrir börn með þá greiningu. Unnið er eftir markmiðum úr listunum og svo er gert endurmat á um það bil sex mánaða fresti eða eftir því hvað hentar hverju barni fyrir sig. Þá eru fundin ný markmið að vinna eftir og framfarir skráðar niður.

Í leikskólanum Borg er unnið með EFI-2 og HLJÓM-2 málþroskaskimanir. Niðurstöður úr EFI-2 skimun 3-4 ára barna notum við til að kortleggja málþroskavanda ef einhver er. Eins með HLJÓM-2 niðurstöður. Við skiptum börnum í hópa og vinnum sérstaklega með þeim sem þurfa aukna aðstoð og þjálfun hvað málþroska varðar. Þessi skimunartæki hafa stutt við þá mikilvægu nálgun sem snemmtæk íhlutun er. Með því að skima öll börn, er m.a. hægt að færa frekari rök fyrir þörf á nánari athugun einstakra barna, sem grunur leikur á að þess þurfi.

Samstarf við foreldra sérkennslubarna er mikið og yfirleitt gott. Reglulegir teymisfundir eru haldnir með foreldrum og öðrum úr teymi hvers barns. Þar fá foreldrar ráðgjöf og geta spurt spurninga, fá einnig yfirsýn yfir vinnuna sem fram fer með börnunum í leikskólanum, hvort sem um er að ræða sérkennslu út af deild eða innan deilda. Teymisfundi sitja foreldrar, viðkomandi starfsfólk leikskólans og eftirfylgdaraðili frá Þjónustumiðstöð Breiðholts. Hver mál eru einstök og geta aðrir einstaklingar komið að teymisfundum, það eru helst aðilar frá Greiningarstöð, Þroska og hegðunarmiðstöð, talmeinafræðingar, sjúkraþjálfarar, heilbrigðisstarfsfólk og tulkar. Eðli málsins samkvæmt erum við í góðri samvinnu við Þjónustumiðstöð hverfisins og aðrar stofnanir sem koma að málum sérkennslubarnanna.

Samvinna sérkennslustjóra og starfsmanna deilda er mikil þar sem við á, þ.e. þar sem sérkennslubörn eru innan deilda. Jafnframt er ráðgjöf og stuðningur veittur til deilda þar sem eru mörg börn af erlendum uppruna og/eða með annað móðurmál en íslensku. Sérkennslustjóri hefur bæði veitt



ráðgjöf til þeirra sem óska eftir því og einnig verið milliliður í að óska eftir frekari ráðgjöf, til dæmis frá þjónustumiðstöð.

### Niðurstöður innra mats

Umbótaþættir Sérkennsla	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Hvað þarf að bæta?</b>	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
<b>Að viðhalda einstaklingsmið aðri nálgun fyrir börnin.</b>	Með því að horfa á hvert barn fyrir sig og meta hvernig nálgun hvert barn þarf.	Á alltaf við.	Sérkennslustjóri	Safna gögnum með tilheyrandi listum, fá sérfræðinga til að aðstoða við að gera mat á stuðningsþörf.	Þegar hver og einn bætir sig miðað við hvar hann sjálfur er staddur. Hægt að sjá með færnimatslist a til dæmis.	



## Fylgiskjal 2

### Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Skipulagðar vinnustundir fyrir hvert barn sem er með annað móðurmál en íslensku, auk annarra sem þess þurfa, eru 2-3 svar í viku. Verkefni í vinnustundum eru:

- Tala um hvar börnin eiga heima, hvað foreldrar og systkini þeirra heita, hvenær þau eigi afmæli og hvað þau eru gömul.
- Að spila t.d. talnaspil, litaspil, samvinnuspil, samstæðuspil, lottó, stafaspil og rímispil.
- Vinna með hugtök: Stærðarhugtök, liti, tölur, afstöðuhugtök, fjölda.
- Að lesa, bæði sögur og ljóð, útskýra orð og tala um söguna og ræða myndir sem fylgja textanum.
- Vinna með sögugrunn: Skoða og tala um myndirnar í sögugrunni, börnin búa til sögur .
- Fara yfir lag, vísu, þulu og ljóð mánaðarins.
- Finna tákn vikunnar sem er hengt upp á deildum.
- Ef barn er í talþjálfun og fær verkefni heim með sér er það æft í vinnustundum.
- Vinna með lærum og leikum með hljóðin málörvunarkerfi,
- Vinna með hljóðasmiðju Lubba.

Eftir EFI og HLJÓM próf fá þau börn sem koma ekki vel út, sérstaka þjálfun eftir því sem við á.



## Starfsáætlun 2019 – 2020

### Leikskólinn Borg



## Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Bergsteinn Þór Jónsson  
Freyja Óskarsdóttir  
Hermann Arnar Austmann  
Saga Ólafsdóttir  
Silja Guðbjörnsdóttir  
Sveinn Kristinn Örnólfsson



## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



## Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

## Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



## Umsögn foreldraráðs:

Í heildina er foreldraráðið mjög ánægt með leikskólann en alltaf er hægt að gera betur.

Meðal annars það sem við höfum áhyggjur af í Fálkaborg er

- Það þarf að laga hlið og girðingu á útsvæðinu. Ekki er hægt að treysta því að hægt sé að opna hliðið til að komast inn á útsvæðið og er girðingin og jarðvegurinn ekki að vinna saman og hefur það orsakast að stórt gat er komið á milli grassins og girðingu að börn hafa sloppið þar út.
- Starfsmannaaðstaðan er skelfileg. Hún er of lítil og mikil truflun er þar inni vegna staðsetningar.
- Laga þarf og/eða bæta húsgöng og búnað fyrir börnin.

Það sem við höfum áhyggjur af í Arnarborg er

- Girðingin í kringum útsvæðið er ólögleg. Stutt er að klifra upp á steinvegginn sem snýr að Breiðholtsskóla en fallið niður hinu megin er hátt.
- Útsvæðið er mjög lélegt, helst ber að nefna aðstaðan fyrir yngstu börnin. Leiktækin mörg komin til ára sinna. Kastalinn er að okkar mati hættulegur fyrir yngri börnin og er algjör vöntum á leiktækjum fyrir þau.
- Við höfum heyrt að heilbrigðiseftirlitið er að kvarta vegna útsvæðisins.
- Taka þarf garðinn algjörlega í gegn frá A – Ö. Við viljum ekki fá tröppur á útsvæðið eins og sett hefur verið á marga leikskóla, m.a. Fálkaborg.
- Laga þarf og/eða bæta húsgögn og búnað fyrir börnin.

Við viljum líka hvetja Reykjavíkurborg til að hafa aftur sumarskóla, að hægt sé að setja börnin í aðra leikskóla í júlí og taka sumarfrí í júní t.d.

Einnig hvetjum við foreldrafélögin í bæði Arnarborg og Fálkaborg til að vinna betur saman og kom meðal annars fram sú hugmynd að halda sameiginlegt jólaball 2020 í sal í Breiðholtskirkju. Búið að er lagast samstarfið með því að halda sömu viðburði í báðum leikskólunum en alltaf er hægt að bæta og hvetjum við félögin til að halda áfram samvinnu til að gera sem best fyrir börnin.

Að lokum viljum við minnst á hversu gott starf Gyða leikskólastjóri hefur unnið fyrir hönd barnanna okkar og ímynd leikskólanna í Breiðholti. Gyða og starfsfólkið sem hún hefur safnað að sér eiga mikið hrós skilið og þökkum við fyrir það.

Foreldraráð Borgar

Bergsteinn Þór Jónsson

Freyja Óskarsdóttir

Hermann Arnar Austmann

Saga Ólafsdóttir

Silja Guðbjörnsdóttir

Sveinn Kristinn Örnólfsson.





## Fylgiskjal 4

### Mat á skólaárinu 2018-2019

#### Heilsuleikskólinn Borg

Heilsustefnan byggir á hollu mataræði, skapandi starfi, hreyfingu og jákvæðum og uppbyggilegum samskiptum

1. Er heilsustefnan sýnileg í leikskólanum? Rökstutt

1.a Hver er staðan og hvernig vitum við það?

1.b Hvar eru styrkleikarnir?

1.c Hvar eru veikleikarnir?

1.d Hvar og hvernig getum við bætt okkur?

#### Gildi Leikskólans

#### Virðing - ábyrgð – umhyggja

Í vetur höfum við verið að vinna með okkur sjálf sem kennara og starfsmanahóp. Í október fengum við fræðslu um hver við séum og hvað við stöndum fyrir. Í nóvember kom Jón frá KVAN og fjallaði um hvernig vinnustað við myndum vilja vinna á og í janúar kom Anna frá KVAN og gerði með okkur samskiptasáttmála.

2. Hvar og í hverju birtast gildin?

2.a Eru þau sýnileg?

2.b Hvar eru styrkleikarnir?

2.C Hvar eru veikleikarnir

2.d Hvar og hvernig getum við bætt okkur?



# Fylgiskjal 5

Samband íslenskra sveitarfélaga		Leikskóladagatal 2019 - 2020												Nafn skóla:		BORG	
ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUÁR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ						
1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 L	1 S	1 M	1 F	1 M	1 M						
2 F	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	2 S	2 M	2 F	2 L	2 F	2 L						
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 M	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 S						
4 S	4 M	4 F	4 M	4 M	4 L	4 Þ	4 M	4 L	4 M	4 F	4 L						
5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 S						
6 Þ	6 S	6 S	6 M	6 F	6 M	6 F	6 F	6 M	6 M	6 L	6 M						
7 M	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 F	7 Þ						
8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 L	8 S	8 M	8 F	8 M	8 M						
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F						
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 L	10 F	10 M	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 F						
11 S	11 M	11 F	11 M	11 M	11 L	11 Þ	11 M	11 L	11 M	11 F	11 L						
12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 S						
13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 F	13 M	13 F	13 F	13 M	13 M	13 L	13 M						
14 M	14 L	14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 Þ						
15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 L	15 S	15 M	15 F	15 M	15 M						
16 F	16 M	16 M	16 L	16 M	16 F	16 S	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F						
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 M	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 F						
18 S	18 M	18 F	18 M	18 M	18 L	18 Þ	18 M	18 L	18 M	18 F	18 L						
19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 S						
20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 F	20 M	20 F	20 F	20 M	20 M	20 L	20 M						
21 M	21 L	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 Þ						
22 F	22 S	22 Þ	22 M	22 S	22 M	22 L	22 S	22 M	22 F	22 M	22 M						
23 F	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F	23 S	23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 F						
24 L	24 Þ	24 F	24 M	24 S	24 F	24 M	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 F						
25 S	25 M	25 F	25 M	25 L	25 L	25 Þ	25 M	25 L	25 M	25 F	25 L						
26 M	26 F	26 L	26 Þ	26 S	26 S	26 M	26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 S						
27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 F	27 M	27 F	27 F	27 M	27 M	27 L	27 M						
28 M	28 L	28 M	28 Þ	28 L	28 Þ	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ						
29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 L	29 S	29 M	29 F	29 M	29 M						
30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F	30 L	30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F						
31 L		31 F	31 F	31 Þ	31 F	31 Þ	31 Þ		31 S		31 F						





